

Tillaga	A 2023/PRE
Flytjandi	Meðlimir landsdeildar Færeyja Johan Dahl, Hogni Hoydal
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

A 2023/PRE Landsdeildartillaga um aukinn viðbúnað og aðfangaöryggi í Norður-Norður-Atlantshafi – samnorræn ábyrgð

Meðlimir landsdeildar Færeyja leggja til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að þróa sameiginlega viðbúnaða- og aðfangaöryggisáætlun fyrir Norðurlönd, innblásna af Haga-samstarfinu, en aðlagða að einstökum landafræðilegum aðstæðum og innviðum svæðisins
- að vinna að því að byggja upp öruggar aðfangaleiðir og birgðir í Norður-Atlantshafi til að tryggja aðgang að matvælum, lyfjum, eldsneti og orku, einnig á hættutímum
- að hjálpa til við að tyggja orkuframboð, bæði með hefðbundnum orkugjöfum og með fjárfestingum í grænni og staðbundinni orkuframleiðslu, til að efla sjálfstæði og þol
- að efla samstarf um flutninga og vörustjórnun til að tryggja sjó- og loftsamgöngur, einnig á hættutímum
- að útvíkka samnorræna samhæfingu, þar sem stofnanir, atvinnulíf og lykilaðilar vinna saman í þágu alls norræna svæðisins
- að samhæfa sameiginlegar fjárfestingar í almannavörnum sem hluta af auknum fjárfestingum í varnarmálum, þar á meðal netöryggi og aðgerðum gegn fjölþáttaógnum

Bakgrunnur

Í sífellt óútreiknanlegri heim hefur enginn efni á að standa einn. Aukinn alþjóðlegur áhugi á Norðurlöndum sem landfræðipólitískt mikilvægu svæði hefur gert það enn mikilvægara en áður að Norðurlöndin standa saman – einnig þeir hlutar Norðurlanda sem eru landfræðilega einangraðir.

Færeyjar og Grænland eru óaðskiljanlegur hluti af norræna samfélaginu og norrænu fjölskyldunni. Staðsetning landanna í miðju Norður-Atlantshafi gera þau að mikilvægum hluta af samnorrænu bandalagi, en þessari staðsetningu fylgir þó einnig



berskjöldun. Landfræðileg einangrun hefur í för með sér að löndin eru háð traustum aðfangaleiðir fyrir matvæli, lyf, orku og aðrar nauðsynjar. Færeyjar og Grænland eru að hluta til sjálfbær hvað varðar fisk, kjöt og mjólkurafurðir en það eru margar nauðsynlegar vörur og þjónustur sem þessi lönd þurfa að kaupa og flytja inn frá öðrum löndum, sérstaklega öðrum norrænum löndum. Sérstaklega mikilvægt er að tryggja þessar aðfangaleiðir á hættutímum, svo sem vegna heimsfaraldurs, náttúruhamfara, netárása eða landfræðipólitískrar spennu.

Hin norrænu löndin (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð) hafa stigið mikilvæg skref í gegnum Haga-samstarfið, þar sem þau vinna náið að viðbúnaði, upplýsingamiðlun og sameiginlegum æfingum. Samstarf sem skapar aukið viðnámsþol og skjótari viðbrögð á hættutímum. Færeyjar og Grænland eru ekki hluti af þessu samstarfi og eru því sérstaklega berskjölduð í neyðar- og hættuaðstæðum. Mikilvægur hluti af stefnu Norðurlandaráðs í alþjóðamálum er að Norðurlönd verði árið 2030 orðið sjálfbærasta svæði heims með getu til að bregðast við alþjóðlegum áskorunum í sameiningu. Með vísan til þessa er kominn tími til að öll Norðurlöndin, einnig Færeyjar og Grænland, verði hluti af norræna samstarfinu um viðbúnað og aðfangaöryggi.

Eins og bæði Stoltenberg-skýrslan frá árinu 2013 og skýrsla Björns Bjarnasonar frá árinu 2020 hafa undirstrikað og ráðlagt Norðurlandaráði og Norræna ráðherranefndinni, hefur borgarlegt og samfélagslegt öryggi verið grunnurinn að norrænni nálgun á varnir, öryggi og viðbúnað. Í flestum norrænu löndunum hafa miklar fjárfestingar í varnarmálum á næstu árum verið samþykktar og tilkynntar. Því er upplagt að auk þessara fjárfestinga verði lögð áhersla borgaralegt öryggi með víðtækum aðgangi að vörnum, öryggi og viðbúnaði.

Þórshöfn, 2. september 2025

Johan Dahl (M)

Høgne Hoydal (T)